

## **Fundarsköp aðalstjórnar SÁÁ:**

- 1) Aðalstjórn SÁÁ ber ábyrgð í málefnum SÁÁ milli aðalfunda í samræmi við lög samtakanna.
- 2) Fundir aðalstjórnar eru boðaðir með tveggja vikna fyrirvara.
- 3) Fundir aðalstjórnar eru alla jafnan staðfundir.
  - a. Heimilt er þó að halda aðalstjórnarfundi eingöngu rafrænt t.d. á Teams, ef slíkar aðstæður skapast að það sé nauðsynlegt.
  - b. Aðalstjórnarfólki, sem getur ekki verið á staðnum, er heimilt til að fylgjast með og taka þátt í aðalstjórnarfundi rafrænt á Teams.
    - i. Í ofangreindum tilfellum skal fundarstjóri tryggja, eftir því sem kostur er, að samskipti milli þeirra sem eru á staðfundi og þeirra sem eru á Teams, séu hnökralaus.
    - ii. Fundarstjóri tryggir, eftir því sem kostur er, að þeir sem taka þátt í aðalstjórnarfundi á Teams geti greitt atkvæði á fundinum.
- 4) Ákvarðanir um framkvæmdir og fjárhagslegar ráðstafanir SÁÁ, sem ekki teljast til daglegs reksturs SÁÁ og reglubundins viðhalds eigna samtakanna, eru teknar á fundi aðalstjórnar eftir að framkvæmdastjórn SÁÁ hefur fjallað um þær og gert tillögu um þær til aðalstjórnar skv. lögum SÁÁ.
  - a. Formaður SÁÁ undirbýr aðalstjórnarfundi í samvinnu við framkvæmdastjórn
  - b. Framkvæmdastjórn og formaður SÁÁ leggja tillögur um málefni sem þarf að taka ákvörðun um fyrir aðalstjórn SÁÁ.
  - c. Senda ber tillögur framkvæmdastjórnar og formanns til aðalstjórnar, með rafrænu fundarboði.
  - d. Heimilt er að taka ákvörðun um málefni SÁÁ með rafrænum hætti, ef slíkar aðstæður skapast að ekki er hægt að boða til staðfundar.
- 5) Fundir aðalstjórnar eru haldnir eftir þörfum en eru ekki færri en tveir milli aðalfunda skv. lögum SÁÁ.
  - a. Formaður stýrir fundum aðalstjórnar, en hefur heimild til að skipa utanaðkomandi fundarstjóra.
    - i. Fundarstjóri stýrir umræðum og tryggir jafnræði stjórnarfólks á fundinum í samræmi við almenn fundarsköp.
    - ii. Fundarstjóri stýrir atkvæðagreiðslum á fundinum og tryggir að stjórnarfólk (hvort sem það er viðstatt eða á Team/) geti nýtt atkvæði sitt.
  - b. Formaður skipar fundarritara á fundum aðalstjórnar.
  - c. Stjórnendur SÁÁ hafa heimild til að sitja aðalstjórnarfundi.
  - d. Formaður hefur heimild til að bjóða öðrum gestum að sitja aðalstjórnarfundi.
- 6) Fundargerðir aðalstjórnar eru sendar rafrænt, ásamt fylgigögnum, til aðalstjórnarfólks að loknum fundi.
  - a. Vilji stjórnarmaður gera leiðréttingu eða koma að athugasemd við fundargerð, sendir hann erindi sitt til skrifstofu SÁÁ, sem gerir leiðréttingar í samráði við fundarstjóra, fundarritara og formann,
  - b. Leiðréttingar á fundargerðum ber að senda rafrænt á alla aðalstjórnarmenn, þegar þeim er lokið.